# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 23

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fátækranefndarfundur 31. marz 1[illegible]

1. Um greiðslu húsaleigu f. Jóhann Árnason
2. — . — f. Jón Sigmundsson
3. Þorkell Sigmundsson biður um meðlag fyrir f. 1. apríl með barni Páls Olafssonar
4. Ástríður Hannesd. biður um meðlag með barni Þórunnar Magnúsdóttur. —
5. Erindi Baldurs Benediktssonar
6. Jón Sigmundsson óskar hækkað meðlag með Agli Guðnasyni, Bjarnaborg
7. Um ráðstöfun á konu Eiríks Jóns-sonar í Sauðagerði. —
8. Um verustað f. Valg. Sigurl. Bjarnad. —
9. — : — f. Ásl. Þorbjörgu Skúlad.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að gamalmennið Egill Guðnason, sem er tengdafaðir minn, kom til mín norðan af Húsavík í síðastliðnum septembermánuði voru mjer frá því hann kom og fram að síðastliðnu nýári greiddar sem meðlag með honum af fátækrasjóði 15 krónur á mánuði. En frá nýári til þessa tíma hefi jeg að eins fengið 10 kr. á mánuði, sem meðlag með honum. En vegna þess að jeg er svo fátækur að jeg ekki get haldið hann nema því að eins að jeg fái með honum fullt meðlag, leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún framvegis frá byrjun yfirstandandi marzmánaðar greiði mjer sem meðlag með honum af fátækrasjóði 15 krónur á mánuði, því fyrir minna meðlag get jeg, sökum fátæktar minnar, ómögulega haldið hann, þó jeg viti að hann sjálfur helzt af öllu óskar að vera kyrr hjá mjer.

Bjarnaborg í Reykjavík, 10. marz 1910.

Virðingarfyllst.

Jón Sigurðsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

Í. Rvk 29/ 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leifi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu Fátækranefnd að mjer verði greidd meðgjöf með barninu Ólafi Þorkeli sem dvelur hjer hjá okkur hjónum Pálssyni Því efni min leifa mjer ekki að halda hann meðgjafar laust. En jeg krefst ekki meðgjafar fyrir þann tíma sem hann er búinn að vera hjer eða til 1 April þ.á.

Nylendugötu 22 dags 23 Marts 1910

Þorkjell Sigurðsson

Virðingarfyllst.

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavik

38/
F. Avle. Tiais

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 17. Marz 1910

Með þessu mínu bréfi bið eg hina háttvirtu fátækra nefnd Reykjavíkur að ákveða hve mikið fé hún vill lja mér til *bús* og *byggjinga* á jörðinni Fellsaelar koti í Skilmannahreppi og gjöra svo vel og lofa mér að vita það, svo eg geti ákveðið mig í því efni þar eptir.

Leigandinn hr. Consull Kristján Þorgrímsson hefir neitað mér um byggjingar bréf þangað til að vist væri hve mikla áhöfn og fengi í kotið. Þar er húsa laust, og þarf tölnvert til að byggja svo upp, að líf og heilsa sé ekki í veði; nú ske leigandinn vildi liðka svolítið til, úr því

L. Rvk. 21/1 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hokkar svo mjög óþjál-
ið, að hann leggði til góðu elda-
vél; í sambandi við þetta
vil eg taka það fram að
ofansálag gjörðinni verður að vera
goldið í peningum svo hægt
sé að vinna úr því bráðlega
hús. Eg hefi ekkert fram-
kvæmdar vald í þessu máli
heldur að eins tillögu rétt og
get því ekki annað en beðið
hina háttvirtu nefnd að
ákveða það sem henni sýnist
hagfeldast í þessu efni; og
lofa mér að vita það sem
allra fyrst.

Með fyrirgefningar bón
Baldur Benediktsson

Til Jarðabótanefndarinnar í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg undirritaður mjer að biðja hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að veita mjer 15 króna lán af bæjarsjóði þar til úrskurður er um, hvort jeg fái þá eptirlaunahækkun sem jeg hefi farið fram á við bæjarstjórn Reykjavíkur.

Það er ástæðan fyrir þessari lánbeiðslu minni að kona mín og uppeldisdóttir hafa nú í 8 vikur legið veikar og rúmfastar og jeg því orðið að kaupa meðöl og læknishjálp í þessar 8 vikur og kemst því eigi af að bíða eptir því að úrskurður verður um launahækkun mína.

Reykjavík 30 marz 1910

Benedikt Jónsson

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík

36/ [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr Húsal. var 7 kr. en ekki 14 kr. afgr. ávísat 7 kr. 2/4 10

Herra Borgarstjóri P. Einarsson

Jeg bið yður gjöra svo vel og skaffa mér ávísun á bæjarsjóð uppí húsaleigu Tómasar skósmiðs Halldórssonar fyrir síðastliðin Marts mánuð. sbr. kvittun. við það. húsaleiga hans er 14 kr. um mánuðinn,

Reykjavík 2 April 1910
Virðingarfyllst.
Þorsteinn Gunnarsson
(Laugaveg 73.)

F. Rvk. 35/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur